Námsáætlun 2026-2027
3. bekkur
Kennarateymi: Kennarateymi: Ása, Elfa Dröfn og Heiða

Heimilisfræði

Markmið:

Í heimilisfræði fá nemendur fræðslu um hollustu og heilnæma matargerð. Einnig gefst nemendum tækifæri til að þjálfa upp hæfni við meðhöndlun hráefna með tilliti til aldurs og getu. Áhersla er lögð á að nemendur fái að kynnast efni sem tengist inn á næringarfræði, matargerð og hreinlæti.
Helstu markmið:
Nemedur geti

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Kennsluaðferðir / vinnulag:

Í öllum tímum er lögð áhersla á samvinnu, hreinlæti og almennt góð vinnubrögð. Áhersla er lögð á að nemendur læri að þekkja og meðhöndla þau hráefni sem unnið er með í tímum auk þess að temja sér góð vinnubrögð við verklega þættir kennslustundar.

Námsmat:

Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Unnið er út frá tilteknum flokkum viðmiða úr Aðalnámskrá sem höfð er til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. Námsmatið er gert jafnt og þétt yfir tímabilið og eru skráð með í Mentor.

Námsgögn:

Heimilisfræði 3. áhöld, búnaður og hráefni í kennslueldhúsi auk verkefna og myndefnis sem tengjast námsefninu.

Námsáætlun 2026-2027
3. bekkur
Kennarateymi: Kennarateymi: Ása, Elfa Dröfn og Heiða

Langholtsskóli
Virðing, vellíðan, skapandi skólastarf
Reykjavík

Íslenska

Markmið:

- **að efla lesskilning, orðaforða og auka leshraða**
- **að skrifa sögu með sögupersónu, söguþræði og sögusviði**
- **að draga rétt til stafs og að hlutföll stafa séu rétt**
- **að ná tökum á einföldum málfræðihugtökum og -reglum**

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- **PALS paralestur**
- **meðal annars unnið eftir aðferðum Byrjendalæsis;**
  - **hlustun**
  - **samtengjandi og sundurgreinandi verkefni**
  - **gagnvirkur lestur, paralestur og kórlestur, sjálfstæður lestur**
- **söguritun**

Námsmat:

- **lesfimi í september, janúar og maí**
- **lesfimiviðmið í lok 3. bekkjar eru 100 orð**
- **Orðarún (lesskilningspróf)**
- **símat**

Námsgögn:

- **fjölbreyttur gæðatexti; sögur, söngtextar, ljóð og fræðitextar**
- **læsisverkefni unnin af kennurum**
- **Ritrún, Lesrún, stílabækur og skriftarbækur**
- **stafaspjöld, spil, amboð á veggjum og önnur hlutbundin gögn**

Námsáætlun 2026-2027
3. bekkur
Kennarateymi: Kennarateymi: Ása, Elfa Dröfn og Heiða

Samfélags- og náttúrugreinar

Markmið: • **að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi** • **að sýna virðingu fyrir ólíkum bakgrunni, lífsviðhorfum og lífsháttum** • **að kynnast landnámi Íslands** • **að kynnast ýmsum dýrum og lifnaðarháttum þeirra** • **að þekkja og geta sagt frá ólíku veðurfari**
Kennsluaðferðir/vinnulag: • **hópavinna** • **einstaklingsvinna** • **bekkjarfundir/lífsleikni** • **umræður** • **vettvangsferðir** • **útikennsla** • **samstarf við Grasagarðinn** • **þemavinna og skapandi verkefni**
Námsmat: • **valin verkefni verða metin út frá hæfniviðmiðum**
Námsgögn: • **Könnum kortin** • **Komdu og skoðaðu landnámið** • **Halló heimur** • **kennslumyndbönd af vefnum** • **ýmsar verkefnabækur unnar af kennurum samþætt með Byrjendalæsi**

Námsáætlun 2026-2027
3. bekkur
Kennarateymi: Kennarateymi: Ása, Elfa Dröfn og Heiða

Stærðfræði

Markmið: • **að efla talnaskilning og dýpka þekkingu á tugakerfinu** • **að æfast í samlagningu og frádrætti (geyma og taka til láns)** • **að þekkja helstu rúmfræðiformin** • **að þekkja samhverfu og speglun** • **að æfast í gerð súlurita og mynstra** • **að kynnast klukkunni** • **að kynnast almennum brotum** • **að æfast í margföldun og deilingu**
Kennsluaðferðir/vinnulag: • **einstaklings- og hópavinna** • **hlutbundin vinna og bókavinna** • **stærðfræðisamræður** • **hringekjur** • **útikennsla**
Námsmat: • **símat** • **kannanir að loknum hverjum efnisþætti**

Námsgögn:
 	
• **Sproti 3a og 3b**
• **æfingahefti með Sprota og Stærðfræðispæjarar**
• **hlutbundin hjálpargögn;**
  ○ **Numicon, talnagrindur, einingakubbar, kennslupeningar o.s.frv.**
  ○ **stærðfræðisögur og verkefni í tengslum við þær**
  ○ **spil**
  ○ **önnur verkefni útbúin af kennurum**